



Fundargerð

191. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 14. júlí 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir, Karl Lauritzson

Dagskrá:

1. Samningur um afnot af gagnaflutningsleiðum
2. Skýrsla framkvæmdastjóra, Verkstaða framkvæmda
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:12

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

1. Samningur um afnot af gagnaflutningsleiðum

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem hefur breyst frá áður framlögðum gögnum sem var m.a. grunnur að gjaldskrá. Farið yfir myndir sem sýna hvar liggja gagnaflutningslagnir á vegum HEF ehf.

Farið yfir samningsdrögin lið fyrir lið. Fundarmenn sammála um að lagfæra grein 16 og bæta inn ákvæði um að óheimilt verði að framleigja samninginn.

Stjórn er sammála um að fela framkvæmdastjóra að gera umræddar breytingar og senda á stjórn til samþykktar eða synjunar.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra, verkstaða framkvæmda

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu stærri lagnaverkefnum.
- Framlögð verkfundargerð nr. 3_Stofnlagnir á Egilsstaðanesi.
- Hitapottsskelin er að komast í gagnið við Urriðavatnstangann.



- Urriðavatnssundið verður 25. júlí n.k.
- Búið að síkka dælu í holu 10 niður á 105 m og setja stærri mótör.

3. Önnur mál

- a) Gunnar fór yfir fund sem hann og framkvæmdastjóri áttu með forsvarsmönnum Djúpavogshrepps varðandi hugmyndir um hitaveituvæðingu þar. Þeir óska eftir liðsinni HEF ehf. varðandi að vera faglegur bakhjarl við uppbyggingu og rekstur hitaveitu. Framkvæmdastjóri og formaður þakka fyrir góðar móttökur og kynningu á áhugaverðu verkefni.
- b) Næsti reglulegi fundur verður 22. júlí 2015 ef nauðsyn krefur.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:00.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson